

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af sakarferli hans hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða Ásgeiri Péturssyni skaðabætur, en með hliðsjón af þeirri óvissu, sem ríkir í málinu um fjárhæð peninga, sem í umræddu veski voru, þykir ekki unnt að taka kröfu Ásgeirs til greina að fullu. Verður hér að miða við frásögn ákærða sjálfs, og samkvæmt því verður hann dæmdur til að greiða Ásgeiri kr. 20.000.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Guðbergur Guðjónsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði Ásgeiri Péturssyni, Bárugötu 7, kr. 20.000 í skaðabætur.

Ákærði greiði allan kostnað af máli þessu.

Föstudaginn 26. september 1980.

Nr. 174/1980. **Ákærvaldið**

gegn

Steven Arthur March.

Kærumál. Úrskurður um gæsluvarðhald úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 22. þ. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þá er þess krafist, að talsmanns-laun verjanda varnaraðilja verði greidd úr ríkissjóði.

Skjöl máls bárust Hæstarétti frá sakadómi Reykjavíkur 24. þ. m. svo og greinargerð verjanda varnaraðilja. Frekari skýrslur rannsóknarlögreglu bárust 25. þ. m. með bréfi ríkis-

saksóknara, þar sem krafist var staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Kröfu sína um, að varnaraðili yrði látinn sæta gæsluvarðhaldi, byggði vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins á bréfi varnaraðilja, dags. 21. þ. m., til A, en setning úr því um sölu mynda er tekin upp í hinn kærða úrskurð. Krafan er einnig byggð á skýrslum varnaraðilja, en með gögnum þessum, er fái stöð í skrifum þeim eða uppkasti að bréfi varnaraðilja til föður stúlkunnar, sem vikið er að í hinum kærða úrskurði, sé fram kominn rökstuddur grunur um, að varnaraðili kunni að hafa gerst brotlegur við 251. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá er krafan um gæsluvarðhald einnig á því byggð, að eigi verði hjá því komist að kanna, hvort einhver fótur sé fyrir þeim alvarlega áburði varnaraðilja, að hugsanlegt sé, að stúlkan beri ábyrgð á dauða einhvers manns, eða hvort hér sé hugsanlega um ætlað brot á 148. gr. eða 149. gr. almennra hegningarlaga að ræða. Loks er á því byggt, að rannsókn máls sé skammt á veg komin, og vísað til 1. og 3. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og 15. gr. laga nr. 45/1965 um eftirlit með útlendingum.

Strax eftir uppkvaðningu hins kærða úrskurðar mánu- daginn 22. þ. m. var varnaraðili færður í gæsluvarðhald, kl. 1705. Fyrr þennan dag var hann yfirheyrður fyrir sakadómi. Laugardaginn 20. og sunnudaginn 21. þ. m. gaf hann skýrslur fyrir rannsóknarlögreglu, en þann dag var gerð húsleit í herbergi hans, svo sem í hinum kærða úrskurði getur, og var hann viðstaddur leitina ásamt lögmanni. Þegar til þessa er litið og gögn máls virt, verður ekki séð, að skilyrði 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 hafi verið fyrir hendi og eigi heldur 3. tl. né önnur ákvæði lagagreinar þessarar. Rannsóknar- nauðsynjar voru því ekki fyrir hendi til að úrskurða varnaraðilja í gæsluvarðhald.

Ákvæði 15. gr. laga nr. 45/1965 koma hér eigi til álitá.

Að svo vöxnu máli er hinn kærði úrskurður úr gildi felldur. Málsvarnarlaun verjanda varnaraðilja, 50.000 krónur, greiddast úr ríkissjóði.

Það athugast, sbr. XI. kafla laga nr. 74/1974, að verjandi varnaraðilja, Árni Guðjónsson hæstaréttarlögmaður, sem skipaður var réttargæslumaður hans í þinghaldi 21. þ. m., er úrskurður um húsleit hafði verið kveðinn upp, var hvorki viðstaddur þá leit né yfirheyrslu varnaraðilja í þinghaldi 22. þ. m., heldur fulltrúi hans.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Málsvarnarlaun verjanda varnaraðilja, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur, greiddast úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 22. september 1980.

Ár 1980, mánudaginn 22. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir eru þeir, að sl. laugardag kom á skrifstofu RLR A, norskur læknanemi við Háskóla Íslands, og skýrði svo frá, að hún hefði að undanfögnu orðið fyrir ónæði af völdum Steven Arthur March, bandarískum lyfjafræðinema við Háskóla Íslands. Hefði hann farið fram á, að hún greiddi honum US \$ 1.600.00, sem hann sagði hana skulda sér. Kærandi kvað það alrangt, að hún skuldaði honum þetta fé. Kærandi skýrði enn fremur svo frá, að kærði, Steven Arthur March, hefði í nóvember eða desember sl. tekið af henni nektarmyndir og hefði hann í hótunum við hana að nota þær til að flæma hana úr námi og eyðileggja líf hennar. Kærandi bar einnig, að kærði hefði farið á fund kennslustjóra Háskóla Íslands og skýrt honum frá því, að A bæri ábyrgð á dauða einhvers aðilja, en nánar hafi kærði ekki útskýrt, hvað hann átti við með þessu. Þegar þennan sama dag var kærði yfirheyrður hjá RLR. Hann kannaðist við að hafa haft samband við kæranda undanfarna daga og að hafa krafist hana um US \$ 1.600.00, sem hún skuldaði sér, og hafi hann hótað henni málsókn, ef hún greiddi sér ekki peningana. Þann 17. þ. m. kvaðst kærði hafa ritað utan á umslag, stílað á kæranda, orðsendingu þess efnis, að hann gæti ekki beðið til föstudags með greiðsluna. Á umslagið kvaðst kærði hafa límt hluta af mynd af föður kæranda og á bakhlið myndarinnar orðið „next“. Umslagið fór kærði

með á dvalarstað kæranda og festi það með límbandi á hurðarhún á herbergishurð kæranda. Með þessu kvaðst kærði hafa ætlað að gefa A til kynna, að ef hún greiddi sér ekki skuldina, sæi hann sig knúinn að snúa sér til föður hennar um greiðslu skuldarinnar.

Hann kannaðist einnig við að hafa viðhaft þau ummæli við kennslustjóra Háskóla Íslands, að kærandi bæri ábyrgð á dauða einhvers manns, en færðist undan að skýra frá vitneskju sinni um þetta atriði. Við yfirheyrslu þessa neitaði kærði að svara spurningu um það, hvort hann hefði tekið nektarmyndir af A.

Þann 21. þ. m. kom kærandi, A, enn á ný á skrifstofu RLR og lagði fram bréf kærða, dags. sama dag. Í bréfinu skoraði kærði á kæranda að finna sig að máli og ræða við sig um skuld hennar við sig þegar í stað. Í bréfinu segir m. a.: „I shall sell the photos of you that I have for whatever money I can get, if any.“ Samdægurs var kærði yfirheyrður á ný hjá RLR, og viðurkenndi hann að hafa ritað ofangreind bréf, og enn fremur kannaðist hann við að hafa tekið nektarmyndir af kæranda, sem væru geymdar á öruggum stað í Bandaríkjunum, en kærði kvaðst á þessu stigi ekki vilja skýra nánar frá þeim stað, sem myndirnar væru geymdar. Kærði kvaðst hafa skrifað bréf þetta með það fyrir augum, að kærandi ræddi um skuldina við sig. Er kærði var inntur eftir því, hvað hann ætti við með setningunni í bréfinu: „I shall sell the photos of you that I have for whatever money I can get, if any,“ svaraði kærði því til, að hann hefði verið að velta því fyrir sér að hafa samband við bandarískt tímarit og spyrjast fyrir um það, hvort það vildi kaupa myndirnar. Kærði neitaði því hins vegar, að hann væri í ofangreindu bréfi að bjóða myndir af kæranda til sölu, kvaðst hann geta selt myndirnar án tillits til, hver viðbrögð kæranda yrðu, en ef hann mundi ákveða að selja þær, gerði hann það í Bandaríkjunum og einvörðungu ef hann hefði lagalegan rétt til þess. Kærði viðurkennir, að kærandi hafi beðið sig bréflaga sl. sumar að afhenda sér nektarmyndirnar, en hann hafi ekki svarað beiðninni.

Samkvæmt úrskurði sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum að kvöldi 21. þ. m., fór fram húsleit á dvalarstað kærða að Nýja Garði við Háskóla Íslands. Við húsleitina fannst, að því er virðist vera, uppkast að bréfi til föður kæranda, ritað í stílabók, en í því stendur m. a., að kærandi skuldi kærða peninga, sem hún neiti að greiða, og hafi kærði undir höndum opinskáar myndir af kæranda, sem hann hafi í huga að selja tímariti, ef hann

geti selt þær á löglegan hátt, og muni hann krefjast 375.000 fyrir myndirnar.

Við yfirheyrslu fyrir dómi í dag staðfesti kærði ofangreindan framburð sinn fyrir RLR. Viðurkenndi hann að hafa tekið nektarmyndir af kæranda, og kvaðst hann hafa grafið þær á tilteknum stað í Bandaríkjunum. Kærði kveðst telja, að andlit kæranda mætti þekkja á sumum myndanna. Enn fremur staðfesti kærði að hafa ritað kæranda ofangreint bréf og með orðinu myndir í bréfinu hafi hann átt við nektarmyndir. Kærði kannaðist við að hafa krafist kæranda um margnefnda peninga, sem hann kvað hana skulda sér. Hann neitaði hins vegar að hafa haft í hótunum við hana, en viðurkennir að hafa tjáð henni, að hann hefði í huga að selja myndir af henni. Hann hefði hins vegar ekki gefið í skyn, að um nektarmyndirnar væri að ræða. Kærði kveðst hafa tjáð kæranda, að hann hefði spurt lögmann og lögreglu- mann, hvort hann mætti selja myndirnar. Lögmann þennan kvað kærði vera Bandaríkjamann, sem nú væri farinn af landinu. Kærði kannaðist ekki við, að það, sem hann skrifaði í áður- nefnda stílabók, hafi verið uppkast af bréfi til föður kæranda, heldur hafi hann skrifað þetta til að fá útrás fyrir tilfinningar sínar. Kærði staðfesti, að hann hefði skýrt kennslustjóra Háskólans frá því, að kærandi bæri ábyrgð á dauða einhvers aðilja. Með þessum orðum kveðst kærði hafa átt við fóstur, en ekki manneskju.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur í dag lagt fram í dóminum kröfu þess efnis, að kærði, Steven Arthur March, verði úrskurðaður í gæsluvarðhald allt til miðvikudagsins 1. október nk.

Rannsókn máls þessa er ekki lokið.

Rökstuddur grunur þykir vera kominn fram um, að kærði hafi gerst brotlegur við 251. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með vísan til þess, sem að framan greinir, og skírskotun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 svo og 15. gr. laga nr. 45/1965 þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald yfir kærða til greina, þannig að hann sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 1. október nk., kl. 1700.

Kærði er sakaður um brot, sem getur varðað hann fangelsis- refsingu samkvæmt 251. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Steven Arthur March, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 1. október nk., kl. 1700.

Föstudaginn 26. september 1980.

Nr. 125/1978. **Arndís Sigurðardóttir**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Guðlaugi Kristóferssyni
og gagnsök
(Jón Hjaltason hrl.).

Fasteignakaup. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálms-son.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 22. júní 1978, sem árituð var um birtingu 20. september s. á. Krefst hún sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur samkvæmt heimild í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 áfrýjað máli þessu með stefnu 20. september 1978. Krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmd til að greiða sér 390.069 krónur með 13% ársvöxtum frá 3. mars 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 15 júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980 og 46% ársvöxtum til uppsögu dóms þessa og síðan hæstu innlánsvöxtum, eins